

Ed.

779. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við dómsmálaráðherra, sem hefur tjáð sig því fylgjandi, að málið næði fram að ganga. Nefndin hefur borið frv. saman við gildandi lög um Ólafsfjarðarkaupstað, er samþykkt voru á síðasta aðalþingi, og séð, að það er í öllum meginatriðum samhljóða því, eftir því sem við á.

Nefndin leggur til, að gerðar verði tvær breytingar á frv., er báðar eru aðeins leiðréttingar. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 17. gr. Í stað orðsins „atriði“ í síðustu málsgrein, komi: aðalatriði.
2. Við 21. gr. Í stað orðanna „8. gr.“ í meginmálsgreininni komi: 7. gr.

Alþingi, 7. maí 1947.

Brynjólfur Bjarnason,
forn.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Gísli Jónsson,
frsm.

Hermann Jónasson.

Hannibal Valdimarsson.